

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MEDHÖNDLUN ÚRGANGS, HÓLI BOLUNGARVÍK

---

<b>Dagsetning</b>	28.10.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Rekstraraðili</b>	Bolungarvíkurkaupstaður	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	1.7.2018
<b>Heimilisfang</b>	Aðalstræti 12 Bolungarvík	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	480774-0279	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Finnbjörn Birgisson bæjarverkstjóri
<b>Isat nr.</b>	38.21.0	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	
<b>Starfsemi</b>	urðun óvirks úrgangs		307786,8 635095,6244

---

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerðar eru tvær athugasemdir og fjögur frávik staðfest. Athugasemd eitt var gerð vegna blöndunar lífræns úrgang við annan úrgang á svæðinu og önnur athugasemd var gerð vegna mælinga á vatni á svæðinu. Frávikin varða úrgangstegundir sem ekki er heimilt að meðhöndla á svæðinu, vatn er í urðunargryfju, aðgangsstýringu að svæðinu er ábótavant og staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun vantar.

Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila til að kalla til samráðsfundar innan tíðar.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs, er varða meðhöndlun úrgangs og skyldur rekstraraðila er varða hættu á bráðamengun hafs og stranda samkvæmt lögum nr. 33/2004. Urðunarstaður var skoðaður með Finnbirni Birgissyni bæjarverkstjóra.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### **Frávik 1:**

Úrgangstegundir sem ekki er heimild fyrir voru á svæðinu t.d. plast og ýmsir hlutir úr víði og málmum og mismunandi úrgangstegundum ægði saman.

**Frávik frá:** Ákvæði 1.2. starfsleyfis, þar sem segir fyrir um þá úrgangsflokka sem heimilt er að meðhöndla á svæðinu, en þar á meðal eru ekki ofanefndir úrgangsflokkar.

Ákvæði 4.7 en samkvæmt því skal halda svæðinu snyrtilegu og öll meðferð úrgangs stuðla að því að tryggja sé að komið sé í veg fyrir óþrífnað o.fl. þ.h.

Hafi rekstraraðili hug á geymslu t.d. brotamálma eða timburs á svæðinu ber honum að tilkynna stofnuninni breytingu á rekstri skv. ákv. 1.4 í starfsleyfi og 18. gr. reglugerðar 785/1999.

Umhverfisstofnun mun þá meta upplýsingarnar og innan 4 vikna tilkynna rekstraraðila skriflega hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.

### **Frávik 2:**

Urðunarsvæðið hefur ekki verið girt, en læst hlið (með keðju) var nú á vegi. Hins vegar er hægt að komast til hliðar við hliðið inn á svæðið (fótgangandi og á stærri bílum) og hindrun aðgangs hefur því ekki verið náð. Eins og fyrr hefur verið bent á er mikilvægt að girða svæðið af svo óviðkomandi eigi ekki óheftan aðgang að svæðinu en af ummerkjum að dæma má ætla að losun aðila sem ekki hafa til þess leyfi hafi átt sér þar stað. Gerð var athugasemd við þetta atriði í síðasta eftirliti.

**Fráviki frá:** Ákvæði 4.7 í starfsleyfi en samkvæmt því skal aðgangur óviðkomandi að svæðinu hindraður, og hlið skulu læst utan afgreiðslutíma.

### **Frávik 3:**

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun hafs og stranda.

**Frávik frá:** 18. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, en samkvæmt henni ber rekstraraðila að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni á haf og strendur, sem og viðbragðsáætlun. Eins ber rekstraraðila að taka ábyrgðartryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16. gr. fyrrgreindra laga.

### **Frávik 4:**

Nokkurt magn vatns var í urðunargryfju og alls kyns úrgangur í vatninu.

**Frávik frá:** Ákvæði 2.6 í starfsleyfi en samkvæmt því skal komið í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn og skal urðunarstaðurinn þannig staðsettur og hannaður að yfirborðsvatni sé beint frá urðunarstaðnum og annað vatn safnast ekki í urðunarsvæðið.



### Athugasemd 1:

Lítið var af lífrænum úrgangi á svæðinu en hann var blandaður öðrum úrgangi. Samkvæmt ákvæði 2.7 er jarðgerð lífræns úrgangs heimil á svæðinu og kveðið er á um helstu þætti hennar. Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila að jarðgera lífrænan úrgang og koma í veg fyrir blöndun hans við annan úrgang á svæðinu. Þá minnir Umhverfisstofnun á ákv. 2.4 í starfsleyfi um daglegan frágang á urðunarstað sem tryggja skal að komið sé í veg fyrir fok og aðgang meindýra.

### Athugasemd 2:

Eftirlitsmælingar eru fyrirskrifaðar í ákv. 3.2. Ekki er kveðið á um tíðni þeirra eða hvaða þættir skuli mældir. Umhverfisstofnun telur rétt að huga á næstunni að mælingum á frárennsli svæðisins og hvetur rekstraraðila til samráðs um þær, þ.e. hvaða þættir skuli mældir og hvernig skuli staðið að mælingum.

### Önnur atriði:

Í samræmi við ákv. 1.3 í starfsleyfi og stefnu stjórnvalda um aukna endurvinnslu lífræns úrgangs, hvetur Umhverfisstofnun rekstraraðila til að styrkja heppilegan farveg fyrir lífrænan úrgang á svæðinu.

Þá minnir Umhverfisstofnun á ákvæði 4.6 í starfsleyfi sem kveður á um að rekstraraðili útbúi neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði urðunarstaðarins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri. Áætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem urðunarstaðurinn er ekki í notkun.

Samkvæmt ákv. 4.8 í starfsleyfi skal rekstraraðili boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar um málefni urðunarstaðarins á fjögurra ára fresti. Umhverfisstofnun er reiðubúin að funda um málefni urðunarstaðarins á næstunni. Meðal þess sem heppilegt væri að ræða er meðhöndlun lífræns úrgangs í bæjarfélaginu, nýlegar reglur um móttöku úrgangs og mælingar á vatni og neyðaráætlun.

Reykjavík, 5.1.2012

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.